



Samráðsgátt stjórnvalda
Heilbrigðisráðuneytið
Mál nr. 12/2022

Reykjavík 28. janúar 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál að nýju.

Barnaheill minna á fyrri tillögu um að fjalla þarf um áhrif fyrirhugaðra lagabreytinga á börn í greinargerð með frumvarpinu, en skv. 3. gr. Barnasáttmálans skal taka allar ákvarðanir sem hafa áhrif á börn með það sem þeim er fyrir bestu að leiðarljósi.

Samtökin fagna því að loks sé komið fram lagafrumvarp, sem setur takmarkanir á sölu á nikótínvörum á borð við þær sem nú þegar eru í gildi um rafrettur, svo sem 18 ára aldurstakmark bæði fyrir kaupendur og seljendur, að viðvaranir skuli hafðar á umbúðum varanna, að varan skuli ekki vera sýnileg í verslunum auk annarra tillagna sem í frumvarpsdrögum fram koma.

Barnaheill hafa haft áhyggjur af því takmarkalaus aðgengi sem börn og unglingar hafa haft að nikótínvörum í almennum verslunum og vitað er að notkun nikótínþúða er afar algeng á meðal ungmenna og barna allt niður í grunnskóla.

Barnaheill kalla áfram eftir því að í greinargerð með frumvarpinu verði sérstaklega fjallað um verslun á neti og hvaða reglur skuli gilda um hvernig einstaklingar skuli sýna fram á að þeir hafi náð 18 ára aldri hyggist þeir kaupa nikótínvörur í gegnum vefverslanir. Að mati Barnaheilla er ekki nóg að leggja þá ábyrgð í hendur söluaðila eins og nú er gert ráð fyrir heldur þyrfti að kveða sérstaklega um það í lögum.

Um vefverslanir sem selja nikótínvörur þarf að kveða skýrt á um hvernig þær megi kynna vörur á netinu því vefverslanir geta jú verið aðgengilegar börnum. Við skoðun á vefverslunum sem selja rafrettur og nikótínvörur má sjá að engar takmarkanir eru á aðgengi inn á síður þeirra, engar tilkynningar um að aðeins þeir sem séu 18 ára eða eldri megi stunda þar viðskipti.

Mikilvægt er að halda vörð um þann góða árangur sem náðist hér á landi þegar dró verulega úr reykingum og tóbaks-/nikótínneyslu barna og ungmenna frá 10. áratugnum og fram eftir nýrri öld. Því miður hafa kannanir gefið til kynna, eins og áður var nefnt, að töluverður fjöldi barna, ánetjast nú nikótínvörum þar sem ekki hefur verið brugðist nægilega fljótt við að setja reglur um sölu slíkra vara. Þess vegna er þeim mun mikilvægara að efla forvarnir til að vara við fíknihættu af nikótínvörum og slæmum heilsufarsafleiðingum af neyslu þeirra.

Mikilvægt er að þessu frumvarpi verði fylgt eftir og það lagt fyrir Alþingi og þaðan afgreitt sem lög sem allra fyrst, að teknu tilliti til athugasemda.

Barnaheill leggja mikla áherslu á forvarnir í viðum skilningi og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.